AUGLÝSING

um sáttamála milli Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörzlur og umsjón Háskóla Íslands.

Hinn 1. júlí 1965 var undirritaður í Kaupmannahöfn sáttmáli milli Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörzlur og umsjón Háskóla Íslands. Sáttmálinn gengur í gildi þann dag, er skipzt er á staðfestingarskjölum og verður gildistakan auglýst síðar. Sáttmálinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. desember 1965.

Emil Jónsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

SÁTTMÁLI

milli Danmerkur og Íslands um flutning á hluta á handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörzlur og umsjón Háskóla Íslands.

Hans hátign konungur Danmerkur og forseti lýðveldisins Íslands, sem

óska af heilum hug að gera þvílíka skipun varðandi handrit þau af íslenzkum uppruna, sem nú eru í Danmörku, að orðið sé við óskum íslenzku þjóðarinnar að hafa sjálf umráð þessara þjóðlegu minja;

og óska af heilum hug að staðfesta og styrkja gott samkomulag þjóðanna í anda norræns samhugar;

og með tilliti til aldalangs stjórnmálasambands landanna;

hafa ákveðið að gera sáttmála um að flytja til Íslands handrit, sem telja verður íslenzka menningareign, og hafa þeir tilnefnt sem fulltrúa sína með fullu umboði:

Forseti lýðveldisins Íslands:

Sendiherra Gunnar Thoroddsen.

Hans hátign konungur Danmerkur:

Utanríkisráðherra Per Hækkerup.

TRAKTAT

mellem Danmark og Island om overførelse af dele af Den arnamagnæanske Stiftelses håndskrifter til forvaring og forvaltning af Islands Universitet.

Hans Majestæt Kongen af Danmark og Republikken Islands Præsident har

besjælede af ønsket om vedrørende de i Danmark beroende håndskrifter af islandsk oprindelse at træffe en ordning, der imødekommer det islandske folks ønske om selv at besidde disse nationale mindesmærker;

besjælede af ønsket om i den nordiske samfølelses ånd at bekræfte og bestyrke det gode forhold mellem de to lande;

og i betragtning af de to folks flerhundredeårige samhørighed;

besluttet at afslutte en traktat om overførelse til Island af håndskrifter, der må anses som islandsk kultureje, og har som deres respektive befuldmægtigede udnævnt:

Hans Majestæt Kongen af Danmark:

Udenrigsminister Per Hækkerup.

Republikken Islands Præsedent:

Ambassadør Gunnar Thoroddsen.

Þessir tveir fulltrúar hafa skipzt á umboðsskjölum sínum, sem reyndust vera góð og gild, og hafa þeir orðið sammála um eftirfarandi atriði:

1. gr.

Jafnskjótt sem farið hefur fram sú skipting á legati Árna Magnússonar (Stofnun Árna Magnússonar), sem mælt er fyrir um í dönskum lögum frá 26. maí 1965 um breytingu á skipulagsskrá legatsins frá 18. janúar 1760, í tvær deildir, skal flytja til Íslands handrit þau og skjalagögn, sem Háskóli Íslands skal varðveita og hafa umsjón með.

2. gr.

Ríkisstjórn Íslands tekur að sér, með atbeina Háskóla Íslands, að varðveita og hafa umsjón með handritum þeim og skjalagögnum, sem til Íslands verða flutt, í samræmi við reglur skipulagsskrár Legats Árna Magnússonar.

3. gr.

Um leið og handritin eru flutt, skal skipta höfuðstól Stofnunar Árna Magnússonar, sem nú nemur um 100.000 dönskum krónum, og skal upphæð, sem tiltekin er í lögunum 3. gr. 4. lið, lögð til Háskóla Íslands með þeirri skyldu, að hann hafi umsjón með þessu fé og noti það í samræmi við skipulagsskrá stofnunarinnar.

4. gr.

Handrit þau og skjalagögn, sem þessi sáttmáli fjallar um, ásamt með fé því, er þar tilheyrir, skal mynda „Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi“, og verður það heiti staðfest af ríkisstjórn Íslands.

5. gr.

Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi skulu afhent þau handrit úr Konungsbókhlöðu í Kaupmannahöfn, sem ákvæði 3. liðar 3. gr. fyrrnefndra laga taka yfir.

6. gr.

Samningsaðiljar eru sammála um það, að með þeirri skipan, sem hér er gerð, sé viðurkennt, að fullkomlega og endanlega

hvilke, efter at have udvekslet deres respektive fuldmagter, som fandtes i god og behørig form, er blevet enige om følgende artikler.

Artikel 1.

Så snart den ved dansk lov af 26. maj 1965 om ændring i fundats af 18. januar 1760 for Arne Magnussens Legat (Den arnamagnæanske Stiftelse) bestemte deling af stiftelsen i to afdelinger er gennemført, overføres de håndskrifter og arkivalier, der skal forvares og forvaltes af Islands Universitet, til Island.

Artikel 2.

Den islandske regering påtager sig gennem Islands Universitet at forvare og forvalte de til Island overførte håndskrifter og arkivalier i overensstemmelse med reglerne i fundatsen for Arne Magnussens Legat.

Artikel 3.

Samtidig med håndskrifternes overførelse foretages en deling af Den arnamagnæanske Stiftelses kapital, som for tiden udgør ca. 100.000 kr., og et efter lovens § 3, stk. 4 fastsat beløb tillægges Islands Universitet med pligt for dette til at forvalte og anvende midlerne i overensstemmelse med stiftelsens fundats.

Artikel 4.

De af denne traktat omfattede håndskrifter og arkivalier med tilhørende kapital skal udgøre „Den arnamagnæanske Stiftelse i Island“, hvilken betegnelse vil blive stadfæstet af Islands regering.

Artikel 5.

Til Den arnamagnæanske Stiftelse i Island afgives fra Det kongelige Bibliotek i København de håndskrifter, der omfattes af de i medfør af ovennævnte lovs § 3, stk. 3 trufne afgørelser.

Artikel 6.

De kontraherende parter er enige om, at den trufne ordning skal anerkendes som en fuldstændig og endelig afgørelse

sé útkljáð um allar óskir af íslenzkri hálfu varðandi afhendingu hvers konar íslenzkra þjóðlegra minja sem í Danmörku eru. Samkvæmt því skal að hálfu íslenzka ríkisins eigi unnt í framtíðinni að hefja né styðja kröfur eða óskir um afhendingu slíkra minja úr dönskum skjalasöfnum eða söfnum, opinberum jafnt sem í einkaeign.

7. gr.

Flutningur til Íslands á þeim handritum, sem að mati hinnar dönsku stjórnar stofnunarinnar þarf að nota við samningu nýrrar íslenzkrar orðabókar, sem nú stendur yfir í Danmörku, skal eigi framkvæmdur fyrr en því verki er lokið, þó eigi síðar en tuttugu og fimm árum eftir gildistöku þessa sáttmála.

8. gr.

Með samningi menntamálaráðherra beggja landa skulu settar reglur um gagnkvæma heimild beggja deilda stofnunarinnar til að fá lánuð handrit til afnota við vísindalegar rannsóknir.

9. gr.

Ef rísa kynnu deilur um skilning þessa sáttmála, skal um það fjallað með samningum milli ríkisstjórnanna eða fulltrúa þeirra. Ef eigi fæst viðunandi niðurstaða með því móti, skal málið lagt til fullnaðarúrlausnar fyrir nefnd, sem skipuð sé tveimur mönnum tilnefndum af ríkisstjórn Danmerkur, tveimur mönnum tilnefndum af ríkisstjórn Íslands og einum oddamanni, sem nefndarmennirnir fjórir tilnefna. Nú verða þeir ekki um eitt sáttir um val oddamanns, og skulu þá aðiljar fara þess á leit við forseta alþjóðadómstólsins í Haag að hann velji oddamanninn.

10. gr.

1. Þessi sáttmáli, sem gerður er bæði á dönsku og íslenzku, þannig að báðir textar skulu jafngildir, skal staðfestur og skipzt á staðfestingarskjölunum í Kaupmannahöfn, svo fljótt sem verða má.

af alle ønskemål fra islandsk side angående overgivelse af i Danmark beroende nationale islandske mindesmærker af enhver art. I overensstemmelse hermed skal der ikke i fremtiden fra den islandske stats side kunne rejses eller støttes krav eller ønskemål om udlevering af sådanne mindesmærker fra danske arkiver eller samlinger, offentlige som private.

Artikel 7.

Overførsel til Island af sådanne håndskrifter, der efter den danske stiftelses bestyrelses skøn er af betydning for den udarbejdelse af en ny islandsk ordbog, der for tiden pågår i Danmark, iværksættes ikke, før dette arbejde er tilendebragt, dog senest femogtyve år efter denne traktats ikrafttræden.

Artikel 8.

Ved aftale mellem de to landes undervisningsministre fastsættes regler om gensidig adgang for stiftelsens to afdelinger til lån af håndskrifter til brug for den videnskabelige forskning.

Artikel 9.

Eventuelle tvistigheder vedrørende forståelsen af nærværende traktat skal gøres til genstand for drøftelse ad diplomatisk vej. Opnå der ikke herigennem en tilfredsstillende løsning, forelægges spørgsmålet til endelig afgørelse af et nævn, der består af to medlemmer udnævnt af den danske regering, to medlemmer udnævnt af den islandske regering samt af en opmand udnævnt af nævnets 4 medlemmer. Kan enighed om valg af opmand ikke opnås mellem disse, vil parterne anmode præsidenten for Den mellemfolkelige Domstol i Haag om at foretage valget.

Artikel 10.

1. Denne traktat, der er udfærdiget på dansk og islandsk, således at begge tekster skal have samme gyldighed, skal ratificeres, og ratifikationsinstrumenterne udveksles i København snarest muligt.

2. Sáttmálinn öðlast gildi frá þeim degi, er skipzt er á staðfestingarskjölunum.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúarnir undirritað sáttmála þennan og sett við hann innsigli sín í Kaupmannahöfn, hinn 1. júlí 1965.

Gunnar Thoroddsen

2. Denne traktat skal træde i kraft fra datoen for udvekslingen af ratifikationsinstrumenterne.

Til bekræftelse herpå har de befuldmægtigede undertegnet nærværende traktat og forsynet den med deres respektive segl i København, den 1. juli 1965.

Per Hækkerup.

Nr. 25. 30. desember 1965.

AUGLÝSING

um að Ísland hafi sagt upp alþjóðasamningnum frá 1948, um öryggi mannslífa á hafinu.

Hinn 26. maí 1965 gekk í gildi nýr alþjóðasamningur um öryggi mannslífa á hafinu, sem gerður var í London hinn 17. júní 1960, sbr. Stjórnartíðindi C. 8/1965.

Ísland hefur því sagt upp eldri alþjóðasamningnum frá 1948, um öryggi mannslífa á hafinu, sem birtur var í Stjórnartíðindum A. 85/1952. Tekur uppsögnin gildi að því er Ísland varðar hinn 23. júlí 1966.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. desember 1965.

Emil Jónsson.

Agnar Kl. Jónsson.